

Reynir Bergsveinsson  
Maríutröð Reykhólum  
380 Króksfjarðarnes

1. september 2003  
Tilvísun: UST20030300220/tb

### **Efni: Leyfi til að nota röragildru (minkasíu) til veiða á mink**

Ágæti Reynir,

Vísað er í bréf þitt , dags. 19. apríl sl., og í bréf frá umhverfisráðuneytinu, dags. 18. febrúar sl., þar sem þér er m.a. bent á að sækja um frekari heimild til áframhaldandi notkunar á „minkasíu“ til veiða til Umhverfisstofnunar skv. 7. tölulið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 64/1994 með síðari breytingum. Einnig er vísað í bréf Umhverfisstofnunar frá 9. febrúar sl., 2. maí sl. og 27. júní sl. sem og bréf Dýraverndarráðs dags. 20. júní sl. og svarbréf þitt frá 4. júlí sl.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir þau gögn sem fylgja framangreindu máli. Stofnunin byggir afstöðu sína á stjórnsýslulögum nr. 37/1993, 14. og 15. gr. laga um dýravernd nr.15/1994, 9. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 og 8. gr. reglugerðar þar við um refa- og minkaveiðar nr. 437/1995. Einnig hafði Umhverfisstofnun til hliðsjónar lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

#### **Inngangur:**

Í dag eru í notkun nokkrar samþykktar tegundir gildra til veiða á mink s.s. fótbogi, hálsbogi, húnbogi, vatnsgildra (sem byggir á sömu aðferðafræði og „minkasían“), glefsir og þríhyrnugildra. Einnig er vitað um að nokkrar ósamþykktar gildir eru í notkun s.s. gildir sem veiða dýrin lifandi og eru aðallega notaðar við rannsóknir skv. leyfum þar að lútandi (sjá [www.ust.is/veidistjornun](http://www.ust.is/veidistjornun)). Gildirnar eru misjafnar hvað snertir þætti eins og mannúðarsjónarmið (hve fljót og sársaukalaus aflífun dýranna er), veiðihæfni, kostnað og hversu umhverfisvænar gildirnar eru (t.d. rask við uppsetningu þeirra og aukaveiði).

Á undanförunum árum hafa sífellt verið gerðar meiri kröfur til þess að dýraveiðar séu stundaðar á eins mannúðlega og mögulegt er. Fótbogi telst t.d. vera ómannúðlegri en húnbogi en „minkasían“ mun að öllum líkindum vera þar mitt á milli ef miðað er við að dýrið sé aflífað á sem fljótvrkastan og sársaukalausastan hátt. Evrópusambandið, Kanada og Rússland hafa gert með sér samkomulag „Agreement on International Humane Trapping Standards“ ([http://www3.oup.co.uk/envlaw/hdb/Volume\\_12/Issue\\_03/supp\\_data/harrop\\_supp.pdf](http://www3.oup.co.uk/envlaw/hdb/Volume_12/Issue_03/supp_data/harrop_supp.pdf)) en í samningnum er m.a. rakið hvaða eiginleika viðurkenndar gildir skulu hafa og hvernig beri að meta það.

Það er ljóst að hér á landi skortir almennar reglur um hvaða viðmið á að nota þegar samþykkja á veiðigildir til dýraveiða. Umhverfisstofnun telur því að í náinni framtíð þurfi að setja markvissari reglur um hvaða viðmið á að nota um veiðigildir. Viðmið sem geta m.a. byggt á fyrrgreindu samkomulagi. En hér á landi eru samþykktar gildir, s.s. fótbogi, sem að öllum líkindum væri bannaður ef stuðst væri við fyrrgreint samkomulag.

Kostir og gallar „minkasíunnar“ eru ágætlega raktir í bréfi Róberts A. Stefánssonar frá 30. desember sl. En þar kemur meðal annars fram að gildrunnar eru þungar í meðförum og þarf því aðgengi að vera gott að veiðistöðum. Einnig kemur fram að sumstaðar hafi þurft rask á veiðisvæðum til að koma gildrunum fyrir.

### **Niðurstaða:**

Umhverfisstofnun tekur undir ábendingar Dýraverndarráðs í bréfi dagsettu 20. júní sl. um að endurmeta þurfi þær aðferðir sem leyfðar eru við veiðar á mink. Umhverfisstofnun telur sig hins vegar ekki geta hafnað notkun á „minkasíu“ sem veiðigildru. Stofnunin byggir niðurstöðu sína m.a. á sjónarmiðum 14. og 15. gr. laga um dýravernd og jafnræðisreglu stjórnarsýslulaganna (11.gr.) en ekkert bendir til þess að „minkasían“ sé ómannúðlegri en aðrar gildirur sem nú eru samþykktar. Stofnunin ítrekar þó að það þurfi að endurmeta þær aðferðir og viðmið sem nota á við mat á veiðigildrum og að endurmat geti leitt til þess að aðferðir sem nú eru samþykktar verði það ekki í framtíðinni af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

Hjáafli/aukaveiði var könnuð í vitjun „minkasía“ og reyndist vera hverfandi. Á móti kemur að þetta var lítillaga kannað og marktækni þ.a.l. lítil. Umhverfisstofnun fer því fram á að allur hjáafli sé tilgreindur sérstaklega í veiðiskýrslum. Samþykki Umhverfisstofnunar er háð því skilyrði að veiðireynsla af minkasíum leiði í ljós að ekki sé um verulegan hjáafli sé að ræða.

Umhverfisstofnun telur það ekki vera sitt hlutverk eins og lögum er nú háttað að meta veiðigildirur út frá veiðihæfni þeirra eða kostnaði við framleiðslu og notkun þeirra. Þó má gera ráð fyrir að í framtíðinni verði meira tillit tekið til þess að meta saman ólíka kosti veiðigildra og tillit tekið til fleiri þátta í anda sjálfbærrar nýtingar.

Að gefnu tilefni vill Umhverfisstofnun taka fram að akstur utan vega er bannaður samkvæmt 17. gr. laga um náttúruvernd. Í ljósi þess hve „minkasían“ er þung í meðförum bendir stofnunin á að samþykkt „minkasíunnar“ sem veiðigildru heimilar hvorki akstur utan vega né annað rask á veiðisvæðum til að koma gildrunni fyrir í náttúrunni. Stofnunin bendir einnig á að „minkasían“ er aðskotahlutur í náttúrunni og að þeim sem nota hana ber að fjarlægja gildruna að notkun lokinni og að vitja þarf gildrana reglulega. Umhverfisstofnun bendir einnig á að leita ber leyfis fyrir notkun gildrunnar hjá réttum aðilum, landeiganda eða umráðamanni lands eftir atvikum þ.m.t. notkun hennar á friðlýstum svæðum sé óskað eftir því.

### **Ákvörðun:**

Umhverfisstofnun samþykkir „minkasíu“ til minkaveiða eins og óskað var eftir með erindi til stofnunarinnar skv. bréfi dagsettu 19. apríl sl. enda reynist hjáafli óverulegur.

Samþykki stofnunarinnar er bundið þeim skilyrðum að:

- Skilað sé skýrslu um allan hjáafli/aukaafli t.d. í tengslum við skil á veiðiskýrslum.
- Veiðigildirur séu fjarlægðar að notkun lokinni.

Umhverfisstofnun bendir á að samþykkt minkasíu sem veiðigildru heimilar ekki akstur utan vega eða annað rask í náttúrunni til að koma á veiðigildrunni fyrir.

Ákvörðun þessa má kæra til umhverfisráðherra innan þriggja mánaða frá því að þér berst ákvörðun þessi skv. 26. og 27. gr. stjórnarsýslulaga.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Sviðsstjóri/fagstjóri

Sigurður Örn Guðleifsson  
hdl.